Árið 1957. 14. júni var aðalfundur hestamannafélagsins "Glaður" haldinn að Nesodda. Mættir voru 8 félagsm.

1. Formaður setti fundinn. Síðan las gjaldkeri upp reikning ársins, og var hann samþykktur í einu hljóði.
2. Rætt um graðhestinn. Samþykkt var að láta hestinn í girðinguna hjá Glæsivöllum um tíma og Kristjáni á Oddsstöðum falið að sjá um hann þann tíma, og [ákveðið að] gelda hann svo að því loknu. Síðan var Jóni Sumarliðasyni falið að sjá um fóður og tamningu á hestinum næsta vetur.
3. Rætt um hvort halda skyldi kappreiðar á þessu vori. Ákveðið var að reyna að halda kappreiðar 7 júlí n.k. svo framt að fáist sæmileg þáttaka.
4. Ragnari í Hundadal falið að sjá

um viðgerð á öllum girðingum
kringum Nesodda og Skeiðvöll.
5. Kosnir til að sjá um dansinn
Kristján Oddsstöðum Gunnar Jósefsson
Magnús Hrafnabjörgum Guðm. Hóli
og Jón Sauðsstöðum.
6. Kosnir til að sjá hestana í
girðingunni Pálmi Snóksdal og
Guðm. Gilsbakka.
7. Jóni Ólafssyni falið að sjá um
merkjasölu að skemmtuninni og
með honum Óskar Sámsstöðum
Hjörtur Hundadal Ágúst Kirkjuskógi
og Guðjón á Hornsstöðum. Guðm. Kolsstöðum
8. Kosinn til að vara hestana Kristján
Oddsstöðum og til vara Gunnar Jósefsson.
9. Kosnir í dómnefnd Gísli Ginnhóli(?)
Albert Tungustöðum og Hjörtur Álfabrekku(?)

10.
Endurskoðendur kosnir þeir Friðfinnur Bá. og Pálmi í Snóksdal.

11. Í stjórn félagsins voru kosnir þeir Jón Sumarliðason form. Gísli Þorsteinsson gjaldkeri og Baldvin Þórarinsson ritari. og varamenn. Haraldur Kristjánsson form. Pálmi Jónasson gjaldkeri og Klemens Samúelsson ritari.

Upplesið samþykkt.
Fundi slitið.

Jón Sumarliðason Gísli Þorsteinsson
Baldvin Þórarinsson